

Götuvaktin

Tillaga forstöðumanna félagsmiðstöðva í Garðabæ að auknu öryggi og aðhaldi út í hverfi bæjarins.

Markmið og tilgangur

Götuvaktin er vettvangsstarf félagsmiðstöðvanna. Tilgangur starfsins er að auka sýnileika úti í hverfunum með virku vettvangsstarfi utan opnunartíma félagsmiðstöðvanna og mynda tengingar við unglingahópana utan okkar hefðbundna starfsumhverfis.

Með Götuvaktinni verður sýnileiki jákvæðra áhrifavalda meiri, við vinnum gegn neikvæðum áhættuþáttum í umhverfi ungmennanna okkar og búum til öruggt umhverfi fyrir ungmennin að þroskast í.

Götuvaktin mun að öllu jöfnu sinna vettvangsstarfi á föstudagskvöldum frá 22:00 – 01:00.

Á kvöldum þar sem hætta á óæskilegri hópasöfnun er mikil, eins og menningarnótt, 17. júní, eftir stór böll eða aðra viðburði sem trekkja ungmenni að verður götuvaktin kölluð til á aukavaktir.

Á vaktinni verða alltaf tveir starfsmenn. Þeirra hlutverk er að fylgjast með, mynda tengingar við ungmennin og spjalla við þá sem á þeirra vegi verða.

Götuvaktin verður með símanúmer sem hægt er að hringja í með ábendingar eða senda sms og einnig verður útbúið veffang sem foreldrar og ungmenni geta komið með nafnlausar ábendingar.

Götuvaktin fyllir út skýrslur eftir hverja vakt sem forstöðumenn nota svo til að vinna mál sem upp koma áfram í samstarfi við rétta aðila.

Götuvaktina þarf að kynna fyrir lögreglu og félagsþjónustu til að tryggja upplýsingaflæði. Einnig væri gott að vera í sambandi við búðareigendur eða öryggisverðina í hagkaup upp á samskipti þar á milli.

Götuvaktin þarf að hafa merktan bíl til umráða og má til dæmis láta útbúa segul sem hægt er að setja á bílinn svo ekki þurfi að varanlega breyta bifreiðinni. Götuvaktin myndi vilja fá afnot af bíl á vegum Garðabæjar en ef bíll er ekki til staðar myndi vaktin leigja bíl.

Starfsmenn þurfa einnig að vera merktir svo það fari ekki á milli mála að þeir séu starfsmenn Garðabæjar og séu í vinnunni.

Kostnaðaráætlun

Upphafskostnaður:

Fatnaður – 120.000 kr

Bílamerkin – 20.000

Mánaðarkostnaður:

Laun – 202.788 kr. á mánuði miðað við 6 vaktir í mánuði.

Bíll – 60.000 kr. á mánuði.